

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 1	Fatasaumur FAT 103 Kennsluáætlun vorönn 2013	

Kennari: Sólveig Þóra Jónsdóttir sthj@vma.is **Sk.stöfun** SÓL

Viðtalstími: Mánudagur 12:10-12:50

Áfangalýsing:

Lögð er áhersla á vinnu með tilbúin snið og grunnsnið. Kennt að taka mál og framkvæma einfaldar sniðbreytingar og sniðútfærslur á grunnsniðum út frá eigin hugmyndum. Kennt að leggja snið á efni og merkja fyrir saumföllum. Nemendur læra á saumavél, sauma prufur og einfaldar flíkur. Lögð er megináhersla á að nemendur læri að fylgja verkinu eftir frá hugmynd að fullunnu verki og temji sér sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.

Kennslumarkmið:

Að námi loknu á nemandi að geta ákvarðað rétta sniðstærð eftir líkamsmálum, notfært sér tískublöð og tilbúin snið, lagt snið á efni, sniðið og saumað einfalda flík. Jafnframt á nemandi að hafa vald á möguleikum saumavélar, tölum og tækjum sem nauðsynleg eru við saumaskap og geta unnið eftir leiðbeiningum og vinnuteikningum.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Vinnubók	6 prufur ásamt verklýsingum í möppu	10%
Flíkur	Þjár flíkur. Buxur 25% pils 25% frjálst verk. 15%	65%
Endurnýting	Gömlu breytt í nýtt/hugmyndavinna	10%
Mæting		5%
Ástundun	Vinna í tímum, fylgst með sjálfstæði og vinnubrögðum	10%

Nemandi skilar öllum flíkum og vinnubók í lok annar. Verk sem ekki eru sótt á prófsýnidag eru geymd í eitt ár en síðan er þeim fargað.

Vika	Vinnuáætlun	Verkefni
2-3	Kynning á tækjum og tölum sem tengjast fatagerð. Kennt að taka mál. Tískublöð skoðuð og lært að lesa úr máltöflum.	Prufa einfaldur utanávasi
4-5	Snið tekið upp úr blaði, kennt að leggja snið á efni, merkja fyrir saumföllum og sniða. Byrjað að sauma buxur.	Prufur: Vasi í saum, hliðarvasi og hnappagöt.
6-7	Buxur saumaðar og kláraðar í viku 7	Prufa: Rennilás í buxur.
8-9	Byrjað á annari flík, Nemandi lærir að teikna grunn af pils í ¼ útfærir eigin hugmynd í rétta stærð. Farið verður lítilsháttar í hugmyndavinnu og tiskuteiknun.	
10-11	Pils sniðið og saumað í léreft mátað á gínu. Breytingar skráðar ef einhverjar. Kynning á verkefnum.	Prufa: Hálsból og handvegur á emalausum kjól.
12-14	Endurnýting/gömlu breytt í nýtt. Hugmyndavinna	Vika 13 páskafrí
15	Flík þrjú frjálst val. Snið tekið upp úr blaði og sniðið í efni.	
16-17	Flík þrjú saumuð og fullkláruð.	
18	Frágangur. Nemendur stilla upp verkefnum sínum/gestum boðið að skoða. Opið hús 30. apríl.	

Námsgögn: Saumahandbækur og tiskublöð í G 11. Ljósrit af verklýsingum fyrir prufur.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils